



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð

67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti

Patreksfirði 8. – 10. september 2022

Fimmtudaginn 8., föstudaginn 9. og laugardaginn 10. september 2022, er 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Félagsheimilinu á Patreksfirði, þingið er sett kl. 16.30.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Jóhanna Ösp Einarsdóttir settur þingið og býður þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerir að tillögu að þingforseti verði Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Tillagan er samþykkt og tók þingforseti Ólafur Þór Ólafsson við fundarstjórn, býður hann gesti og þingfulltrúa velkomna og þakkar traustið.

Þingforseti gerir að tillögu sinni að Þórdís Sif Sigurðardóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar verði varaþingforseti og að ritara þingsins verði Agnes Arnardóttir og Sigurður Líndal starfsmenn Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti fer yfir dagskrá þingsins, sjá þingskjal nr. 1 og vekur þingforseti athygli á að dagskrá föstudags verði í formi vinnudags með kjörnum fulltrúum og vísar í 17.gr. þingskapa að almennt sé þingfundur opinn en heimilt sé að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir. Vegna vinnulags leggur þingforseti til að dagskrá föstudags verði lokaður öðrum en þingfulltrúum. Leitar þingforseti eftir afstöðu þingsins. Ef engar athugasemdir koma varðandi þetta fyrirkomulag telst tillagan samþykkt. Þingforseti vekur svo athygli á að opna þinghaldið sé einnig í streymi og verða þingfulltrúar og aðrir gestir að koma í ræðustól af þeim sökum.

Fyrirspurn berst um hvort boðnir gestir þingsins megi sitji vinnufund, þingforseti telur það auðsótt mál þar sem þeir eru aðilar að þinginu.

Þingforseti ber kveðju frá Jónasi Guðmundssyni sýslumanni Vestfjarða, sem þykir miður að geta ekki sótt þingið að þessu sinni vegna anna í starfi og fer að því búnu yfir dagskrá laugardags, sjá þingskjal nr. 1.

Áður en gengið er til dagskrár fer þingforseti yfir nokkur praktísk atriði.

Þingforseti bendir á að í

5. gr. þingskapa kemur fram að „Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna.“

Þingforseti minnir á að þeir sem ekki hafa lagt fram ályktanir sendi þær þegar til ritara þannig að hægt verði að leggja þær fram. Einnig bendir þingforseti á að breytingartillögur berist til ritara þingsins sem fyrst.

Þingforseti kynnir að tillaga væri komin fram um að Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð verði formaður Allsherjarnefndar og varaformaður verði Þorgeir Pálsson, Strandabyggð og kannar hvort þingfulltrúar hefðu fleiri tillögur til formanns og varaformanns. Engar fleiri tillögur voru lagðar fram og telst þá tillagan samþykkt.

Þingforseti bendir á að engin málefni er varðar Stjórnskipulagsnefnd væru í ályktunum og muni því sú nefnd ekki taka til starfa nema ný mál komi fram.

Þingforseti fer yfir mætingu á þingið og atkvæðavægi. Mættir voru 34 þingfulltrúa með 94% eða 9.292, atkvæði en 6% eða 612,2 voru dauð atkvæði.

Ávarp formanns - Jóhanna Ösp Einarisdóttir

Jóhanna hefur mál sitt á því að þakka starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir utanumhald og umsjón þingsins einnig þakkar hún, öllu því fólki sem hefur setið í nefndum, fagráðum og í stjórn Fjórðungssambandsins fyrir þeirra störf í þágu fjórðungsins á líðandi kjörtímabili, fyrir ánægjulegt samstarf. Á nýju kjörtímabili sé verk að vinna fyrir alla og í upphafi skyldi endinn skoða og bendir á að nú sé tími til að horfa fram í tímann. Hún leyfir sér að dreyma um hvernig staðan gæti orðið að kjörtímabilinu loknu og stiklar á stóru yfir mikilvægustu hagsmunamál fjórðungsins s.s. auðlindagjald af fiskeldi, betri samgöngur allt árið á milli atvinnusvæða, tryggt raforkuöryggi, að tvöföldun vesturlínu sé hafin og að orkuþörf svæðisins sé uppfyllt. Að á Vestfjörðum sé framúrskarandi samfélag, samheldni og blómlegar bjartar byggðir bæði í dreif- og þéttbýli. Að öðru leiti vísast til þingskjals nr. 4.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordingsting/67thing/Haust/thingskjal-4-raeda-formanns.pdf>

Þingforseti tilkynnir að gerð hafi verið lítilsháttar dagskrárbreyting þar sem inn í dagskrána hafi slæðst liður sem ekki á að vera inni þ.e. fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu og benti á að sá liður sé tekin fyrir á öðrum vettvangi.

Ávarp gesta - Stefán Vagn Stefánsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Stefán færir þinginu kveðjur frá þingmönnum kjördæmisins þ.e. þeirra sem ekki áttu heimangengt. Hann lýsir því hve tíminn líður hratt frá því hann var kjörinn á þing fyrir ári síðan og eitt af fyrstu verkum var að ávarpa fjórðungsþing á síðasta ári.

Óskar nýjum sveitarstjórnarfulltrúum til hamingju með kjörið og þá sem voru endurkjörnir hins sama. Mikilvægi starfa sveitarstjórnarfulltrúa væri ómetanlegt varðandi farsæld samfélaganna og að verja hagsmuni sinna sveitarfélaga. Í því sambandi væri mikilvægt að hversu margir sem sitja á Alþingi í dag hafa reynslu úr sveitarstjórnargeiranum og ætti það að auka skilning á aðstæðum sveitarfélaga og halda á lofti hagsmunum samfélaganna.

Í ræðu sinni kom Stefán inn á eftirfarandi málefni

Samskipti ríkis og sveitarfélaga um tekju og verkefnaskiptingu þessara stjórnsýslustiga. Lagði hann áherslu að hér væri sennilega stærsta byggðamálið og mikilvægi stöðugs samtals á milli aðila og þingmanna kjördæmisins.

Samstarf þingmanna og sveitarstjórnarmanna innan Norðvesturkjördæmis verður að vera gott og ekki síst að ná samstöðu um baráttumálin. Mörg mál eru sameiginleg fyrir sveitarfélögin í kjördæminu síðan kæmi að sétækum málum s.s. í jarðgangamálum á Vestfjörðum. Þar væri

stefnumörkun heimamanna mikilvæg fyrir þingmenn til að fylgja því máli eftir svo og mörgum öðrum málum.

Endurskoðun á lagaumhverfi laxeldis væri annað mál, vinna væri hafin og henni verði að hraða. Fyrir sveitarfélögin væri lykilmál að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi úthlutun tekna til þeirra í gegnum Fiskeldssjóð. Sveitarfélögin þurfa stöðguleika í tekjum til þess að geta gert raunhæfar áætlanir um uppbyggingu innviða og samfélagslegra verkefna. Kerfi sem byggði á umsóknum í samkeppnissjóð með allri þeirri óvissu sem því fylgir er ekki boðlegt.

Raforkumál, framleiðsla og flutningur raforku til að tryggja afhendingaröryggi væri forgangsmál fyrir Vestfirði og að því þarf að vinna hratt. Uppbygging nýrra virkjana innan Vestfjarða eða bygging nýrrar flutningslínu eða hvort tveggja eru hér lykilmál til að efla samkeppnisstöðu landshlutans. Svæðið hefur setið eftir hvað þetta varðar og hefur haft mikil áhrif á stöðu atvinnulífs og samfélaga og grundvöllur fyrir framtíðaruppbyggingu.

Að lokum ræddi Stefán um stöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum, hún væri ólík og mikilvægt væri að hlusta á sjónarmið allra aðila. Samtímis þarf að leggja áherslu á samstöðu í málum en slíkt auðveldar þingmönnum að fylgja hagsmunum landshlutans eftir. Stöðugt samtal á milli þingmanna og sveitarstjórna væri hér lykilatriði og þakkaði hann það tækifæri sem fælist í að ávarpa Fjórðungsþing og óskaði þingfulltrúm velfarnaðar í störfum þingsins.

Finna má ávarp Stefáns í heild sinni í gögnum þingsins

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/Haust/stefan-vagn-raeda-1.-thingm-nv-a-67.-fjordungstingi-vestfirðinga-ad-hausti-.pdf>

Þingforseti tilkynnir enn fremur að hliðra þurfi aðeins til í dagskránni þ.e. að skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða, sem Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu flytur verði tekin á undan ávarpi Aðalsteins Þorsteinssonar.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fer yfir framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða og bendir enn fremur á að allar upplýsingar og greinargerðir um sóknaráætlun og áhersluverkefni er að finna á heimasíðu Vestfjarðastofu, vestfirdir.is. Hún bendir einnig á að núverandi áhersluverkefni renna flest út árið 2022. Auglýst verði eftir tillögum um áhersluverkefni fyrir árin 2023 og 2024 nú í október og minnir á fagraðin og þeirra hlutverk vegna úthlutunar fjármagns og verkefna.

Þingforseti ítrekar að orðið verði ekki gefið laust vegna þessarar skýrslu. Það tækifæri gefist síðar.

Ávarp gesta - Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri skrifstofu sveitarfélaga- og byggðamála.

Aðalsteinn þakkaði boð fyrir að ávarpa þingið og kemur á framfæri góðum kveðjum frá innviðaráðherra til Fjórðungsþings. Aðalsteinn kynnti að hann væri nýr í þessu starfi en úr fyrra starfi sem forstjóri Byggðastofnunar og persónleg tengsl hefði hann góða yfirsýn um málefni Vestfjarða og mæti hann framtíð svæðisins bjarta.

Í ávarpi sínu kom Aðalsteinn inn á eftirfarandi mál.

Áhrif loftlagsbreytinga á starfsemi sveitarfélaga og samfélaga og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í að framfylgja stefnu í loftlagsmálum.

Innleiðingu nýrra málaflokka sem við ríkisstjórnarskipti hefðu færst til innviðaráðuneytis og hvernig samþætting við eldri málaflokka gengi fram. Áhersla ráðherra er að þessi samþætting stuðli að búsetufrelsi íbúa.

Húsnæðis og skipulagsmál. Mikil vinna fram undan í að koma af stað verkefni um fjölgun byggingu nýrra íbúða til að mæta uppsafnaðri þörf og spám um fjölgun íbúa. Stefnt væri á fjölgun 3.500 til 4.000 íbúðum á næstu fimm árum. Hér væri mikilvægt að ný landsskipulagsstefna myndi setja leiðarljós fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga.

Sveitarstjórnarmál. Fylgja eftir stefnumörkun Alþingis í málefnum sveitarfélaga, í undirbúningi væri Grænbók með öflun upplýsinga frá sveitarfélögum og með fundum með íbúum og sveitarstjórnnum. Unnið væri að endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og regluverki Jöfnunarsjóðs sem lið í umbótum í fjármálum sveitarfélaga. Eins væri stefnt á endurskoðun sveitarstjórnarlaga til að fylgja eftir stefnumörkun í málaflöknum.

Samgöngumál. Stór verkefni hafa unnist á síðustu árum í vegamálum á Vestfjörðum s.s. Dýrafjarðargöng og staðið yrði við áætlanir um verkefni í samgönguáætlun s.s. í Gufudalssveit, Dynjandisheiði og Veidíleysuhálsi. Haldið yrði áfram með tilraunaverkefni sem hófst á síðasta ári með snjómokstur í Árneshreppi. Loftbrú hefði farið vel af stað og vænst væri að nýtt skip leysti núverandi ferju á Breiðafirði um komandi áramót.

Byggðamál. Ný Byggðááætlun 2022-2036 var samþykkt á Alþingi í júní s.l.. Sett væru þar markmið um að byggðamál væru samþætt starfi allra ráðuneyta. Verkefni ráðuneyta ásamt aðgerðaráætlun til næstu fimm ára myndu setja kraft í málefni byggðanna. Lögð væri áhersla á náð samstarf við sveitarfélögin og landshlutana um að ná markmiðum og hrinda aðgerðum Byggðááætlunar í framkvæmd. Sóknaráætlanir landshlutanna væru hér einnig lykilkáttur í framkvæmd byggðááætlunar.

Að lokum lýsti Aðalsteinn ánægju með viðfangsefni þingsins „samstarf sveitarfélaga á nýju kjörtímabili“ og horfði fram til náins samstarfs ráðuneytisins og sveitarfélaga á komandi árum.

Finna má ræðu Aðalsteins í heild sinni í gögnum þingsins á eftirfarandi slóð:

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/Haust/avarp-a-fjordungstingi-vestfirdinga-a-patreksfirdi-08.09.2022.pdf>

Þingforseti gefur orðið laust fyrir stuttar fyrirspurnir að afloknu ávarpi gesta. Engin kveður sér hljóðs.

Framlagning þingmála

Þingforseti fer yfir þingsköp og þær reglur sem gilda um þau. Tillögur þurfa að vera skriflegar, einnig breytingartillögur. Eftir hverja tillögu er orðið gefið laust og hver þingfulltrúi getur einungis kveðið sér hljóðs tvisvar í hverju máli. Síðan verður tillögunum vísað til nefndar. Þingforseti hvetur einnig þingfulltrúa til að vera gagnorða og sleppa öllum málalengingum. Hann ítrekar að önnur umræða fari fram á laugardaginn.

Þingforseti kynnti að fyrstu mál á dagskrá væru tillögur Fjárhagsnefndar. Hann ítrekar að hann muni gefa orðið laust um tillögur fjárhagsnefndar í einu lagi eftir að þær hafa verið kynntar.

Til máls tekur Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurreppi og kynntir í forföllum formanns nefndarinnar Baldurs Smára Einarssonar, tillögur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands, tillögurnar eru;

Tillaga um laun stjórnar og nefnda sjá þingskjal 5a,

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga, sjá þingskjal 5b,

Tillaga um fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 sjá þingskjal 5c

Kynnti Bragi síðan greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, sjá þingskjal 5d.

Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunum er vísað til síðari umræðu og afgreiðslu á laugardag n.k..

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Reykhólahreppi kynnti tillög að ályktun um Aflstöð Vestfirðir – Flutningsmaður Jóhanna Ösp Einarisdóttir Reykhólahreppi. Ályktunin er unnin af fráfarandi stjórn. - Þingskjal nr. 6.

Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og kynnti tillögu að ályktun um gerð svæðisskipulags. Flutningsmenn: Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ. Þingskjal nr. 7.

Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og kynnti tillögu að ályktun um þararæktun. Flutningsmenn Jón Árnason, Vesturbyggð og Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi. Þingskjal nr. 8. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ og kynnti tillögu að ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi. Flutningsmaður: Bæjarfulltrúar Ísafjarðarbæjar. Þingskjal nr. 9.

Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarisdóttir og kynnti tillögu að ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun. Flutningsmenn: Reykhólahreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur. Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi, Þingskjal nr. 10. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Arna Lára Jónsdóttir og kynnti tillögu að ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks. Flutningsmenn: Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (Arna Lára

Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Reykhólahreppi, Þorgeir Pálsson, Strandabyggð, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar og Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Þingskjal nr. 11. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ, hún bar í upphafi síns máls, kveðju frá til þingsins frá Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra en Katrín var fyrr í dag með fund á Ísafirði um mótun Grænbókar um mannréttindastefnu stjórnvalda.

Nanný kynnt svo tillögu að ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum. Flutningsmenn: bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ. Þingskjal nr. 12. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ og kynnti tillögu að ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu. Flutningsmenn: bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ. Þingskjal nr. 13. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og kynnti tillögu að ályktun um svæðisáætlun um sorp. Flutningsmenn: Lilja Magnúsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir Ísafjarðarbæ og Ólafur Þór Ólafsson Tálknafjarðarhreppi. Þingskjal nr. 14. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Til máls tók Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og kynnti tillögu að ályktun um notkun ásætuvarna. Flutningsmenn, Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi Jón Árnason, Vesturbyggð og Þórkatla Ólafsdóttir, Vesturbyggð. Þingskjal nr. 15. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Þingforseti vekur athygli á því að þegar þessum lið er lokið er ekki hægt að leggja til nýjar ályktanir. Aftur á móti er hægt að gera breytingartillögur á áður framlögðum ályktunum og minnir á að þær þurfi að berast skriflega.

Til máls tók Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ og kynnti tillögu að ályktun um stofnun nefndar um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði. Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson Ísafjarðarbæ. Þingskjal nr. 16. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Þingforseti þakkar fyrir og fer örstutt yfir dagskrá föstudagsins, hvetur reyndari þingfulltrúa til að taka höndum um nýkjörna fulltrúa og gerir þinghlé til morguns kl. 09:30

Þinghlé

Föstudagur

Þingforseti setur þingið aftur kl. 9:30 og gefur formanni Fjórðungssambandsins orðið. Formaður fer yfir framkvæmd og skipulag vinnudags og vísar til ákvörðunar þingforseta frá fimmtudeginum að þingfundurinn sé lokaður.

Þingforseti tekur aftur við stjórnun þingsins kl. 16:15 að lokinni dagskrá dagsins. Þingforseti kynnir einnig að gert verði hlé á störfum þingsins til laugardags kl. 9 og að Vesturbyggð hafi boðið þingfulltrúum í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.

Laugardagur

Nefndarstörf

Nefndarstörf hefjast kl. 9:00. Þingforseti kynnir að einungis væru mál fyrir umfjöllun allsherjarnefndar og gerði tillögu um fyrirkomulag vinnu nefndarinnar í samráði við formann hennar. Sjá nánar í gögnum þingsins: [PowerPoint Presentation \(vestfirdir.is\)](https://www.vestfirdir.is)

Þingforseti setur þingið að nýju kl. 11.15. Þingforseti vísar örstutt af fundi til að vinna að nánari skipulagi að afgreiðslu ályktana og varaforseti Þórdís Sif tekur við stjórn þingsins á meðan.

Varaþingforseti gaf Sigurborgu Kr Hannesdóttur frá Ildi ehf orðið, til að kynna hennar sýn á fyrstu niðurstöðu af vinnusmiðju föstudagsins, en hún mun skila skýrslu til Fjórðungssambandsins um niðurstöðu vinnunnar. Sigurborg lýsti svo ánægju með þátttöku og áhuga þingfulltrúa.

Þingforseti tekur aftur við stjórn, næsti dagskrárliður, afgreiðsla ályktana úr allsherjarnefnd. Þingforseti tilkynnir að streymi sé aftur hafið og að þeir sem ætla að tjá sig um ályktanirnar þurfa að gera það úr ræðustól. Þingforseti gerir tillögu að breytingu á dagskrá, að fella út hádegishlé. Tillagan samþykkt.

Þingforseti nefnir einnig að þar sem allir þingfulltrúar hafi komið að umfjöllun og afgreiðslu tillagna að ályktunum sem nefndin fjallaði um, sé minni þörf á að fara efnislega yfir þær allar aftur. Mikil og góð umræða hafi skapast um tillögurnar í vinnu allsherjarnefndar og öllum gefist kostur á að koma sínum sjónarmiðum að.

Þingforseti gerir að tillögu að ályktanir um fjármál þ.e. þingskjöl 5a,b,c og d verði allar bornar upp til afgreiðslu í einu lagi. Tillagan borin undir fundinn og samþykkt. Þingforseti vekur athygli á að atkvæðavægi hvers þingfulltrúa sé misjafnt og verður tekið tillit til þess við atkvæðagreiðslu. Ekki er gert ráð fyrir að flutningsmaður kynni þær að nýju. Þingforseti gefur orðið laust um þingskjöl 5a,b,c og d. Engin kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Þingforseti gerir að tillögu í samráði við formann allsherjarnefndar að þingforseti kynni efni ályktananna en ekki formaður nefndarinnar, á þeim forsendum að allir þingfulltrúar tóku þátt í vinnu nefndarinnar. Tillagan borin upp til afgreiðslu og samþykkt einróma.

Ályktun um gerð svæðisskipulags. Þingskjal 17 áður nr. 7.

Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum. Þingskjal nr. 18 áður nr. 12.

Þingforseti gefur orðið laust, til máls tóku.

Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvík lýsir þeirri afstöðu sinni að hann væri á móti efni tillögunnar og að hans mati væru orkumáli fjórðungnum mikilvægari en að stofna þjóðgarð á þessum tímapunkti. Í stuttu máli, að raforkumál yrðu að vera komin á hreint áður en ákveðið væri að fara í stofnun þjóðgarðs. Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurbrepps, lýsri því yfir að hann muni sitja hjá við afgreiðslu málsins og hann væri sammála um mikilvægi raforkumála, verkefni s.s. flutningsmál raforku fyrir kalkþörungaverksmiðja í Súðavík biðu úrlausnar.

Ályktunin borinn upp til atkvæða: Já sögðu 77%, nei sögðu 14% en 9% sátu hjá.

Ályktun um svæðisáætlun um sorp. Þingskjal 24 áður nr. 14. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um notkun ásætuvarna. Þingskjal nr. 25. nr. 15. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um Ályktun um þararæktun. Þingskjal nr. 19 áður nr. 8. Þingforseti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi. Þingskjal nr. 21 áður nr. 9. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun. Þingskjal nr. 26 áður nr. 10. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um stofnun nefndar um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði. Þingskjal nr. 20 áður nr. 16. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks. Þingskjal nr. 27 áður nr. 11. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu. Þingskjal nr. 22 áður nr. 13. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Ályktun um Aflstöð Vestfirðir - Þingskjal nr. 23 áður nr. 6. Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Ályktunin borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Kosningar

Þingforseti gefur formanni kjörnefndar orðið, Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ. Arna Lára gerir grein fyrir tillögum kjörnefndar. Kjörnefndin hélt þrjá fundi í aðdraganda þingsins og komust nefndarmenn að sameiginlegri niðurstöðu en í nefndinni sátu:

Kjörnefnd

Arna Lára Jónsdóttir – Ísafjarðarbæ, Formaður
 Jónas Ólafur Skúlason – Súðavíkurreppur
 Jón Sigmundsson – Strandabyggð
 Þórkatla Soffía Ólafsdóttir – Vesturbyggð
 Guðlaugur Jónsson – Tálknafjarðarhreppur
 Hildur Aradóttir – Kaldrananeshreppur
 Árný Haraldsdóttir – Reykhólahreppur
 Eva Sigurbjörnsdóttir - Árneshreppur
 Magnús Ingi Jónsson - Bolungarvíkurkaupstaður

Tillaga kjörnefndar 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.**Stjórn og varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 2022-2024**

Aðalmenn	Varamenn
Aðalsteinn Egill Traustason, Ísafjarðarbæ	Jóhann Birkir Helgason, Ísafjarðarbæ
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ	Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ
Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð
Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað	Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurreppi
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi	Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Þingforseti kynnir tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga
Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi

Kosning formanns, tillaga um Jóhönnu Ösp Einarsdóttir. Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Innviðanefnd 2022-2024

Aðalmenn	Varamenn
Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi	Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppi
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað	Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ísafjarðarbæ
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ	Elísabet Samúelsdóttir, Ísafjarðarbæ
Jón Árnason, Vesturbyggð	Guðlaugur Jónsson, Tálknafjarðarhreppi
Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, Vesturbyggð	Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ

Einnig er gert að tillögu að Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ verði formaður. Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og formann nefndarinnar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Úthlutunarnefnd Uppbygginarsjóðs Vestfjarða 2022-2024

Aðalmenn	Varamenn
Arnlín Óladóttir, Árneshreppi	Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ	Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað
Elsa Arnardóttir, formaður fagráðs	Greipur Gíslason
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs	Arnar Sigurðsson

Einnig er gert að tillögu að Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ verði formaður. Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og formann nefndarinnar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Fagráð menningar 2022-2024

Aðalmenn	Varamenn
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólahreppi	Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppi
Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ	Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Friðbjörn Steinar Ottósson, Vesturbyggð	Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð
Elsa Arnardóttir	Greipur Gíslason

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum en tilgreinir samkvæmt samþykktum væri að formaður fagráðs utan svæðis væri, sjálfkörin formaður, þ.e. Elsa Arnardóttir. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála 2022-2024

Aðalmenn	Varamenn
Þorgeir Pálsson, Strandabyggð	Viktoría Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi
Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ	Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupstað
Guðlaugur Jónsson, Tálknarfjarðarhreppi	Sigurður Viggósson, Vesturbyggð
Hólmfríður Einarsdóttir	Arnar Sigurðsson

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum en tilgreinir samkvæmt samþykktum væri að formaður fagráðs utan svæðis væri, sjálfkörin formaður, þ.e. Hólmfríður Einarsdóttir. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða 2022-2026

Aðalmenn	Varamenn
Lilja Magnúsdóttir, Tálknarfjarðarhreppi	Friðbjörn Steinar Ottósson, Vesturbyggð
Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbæ	Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbæ
Guðbjörg Þrastardóttir, Ísafjarðarbæ	Guðmundur Ólafsson, Ísafjarðarbæ
Guðrún Ingibjörg Halldórsdóttir, Súðavíkurhreppi	Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Bolungarvíkurkaupstað
Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppi	Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Formaður Heilbrigðisnefndar Vestfjarða
Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbæ

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Fulltrúaráð Háskólaseturs Vestfjarða 2022-2024

Aðalmaður	Varamaður
Guðrún Eggertsdóttir, Vesturbyggð	Finney Raket Árnadóttir, Ísafjarðarbæ

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða 2022-2024

Aðalmaður	Varamaður
Dagbjört Hjaltadóttir, Súðavíkurhreppi	Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Strandabyggð

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Tilnefning í stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða 2022-2024

Aðalmaður	Varamaður
Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð	Aðalsteinn Óskarsson, Ísafjarðarbæ

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Tilnefning í Vinnumarkaðsráð Vestfjarða

Aðalmaður	Varamaður
Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurhreppi	Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Gert er að tillögu Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Þingforseti ber upp tillögu kjörnefndar og kallar eftir öðrum tillögum. Engar nýjar tillögur berast. Tillagan samþykkt einróma.

Önnur mál

Þingforseti gefur orðið laust.

Þorgeir Pálsson, Strandabyggð tekur til máls og óskar að ræða sóknaráætlun Vestfjarða. Þorgeir bendir á að tvö ár eru eftir af sóknaráætluninni, vinnan er í gangi og hvetur þingfulltrúa til standa með þessu verkefni og styðja vel vil það. Hagsmunir Vestfjarða skipta landið allt máli eru ekki bara sérhagsmunir Vestfjarða. Að lokum þakkaði hann starfsmönnum og matráð fyrir góðan aðbúnað og framkvæmd þingsins.

Kristján Jón Guðmundsson, Bolungarvík tekur til máls, tekur undir það sem Þorgeir nefnir varðandi sóknaráætlun, þakkar stjórnarmönnum samstarfið og þakkar starfsmönnum Vestfjarðastofu.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmastjóri Vestfjarðastofu tekur til máls og óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið og öðrum fagráðum og nefndum. Hún þakkar Þorgeiri fyrir að koma fram með þessar ábendingar og minnir á að sóknaráætlun er liður í byggðaáætlun. Sigríður bendir einnig á að fjármagn hefur staðið í stað og ekki orðin nein aukning, frekar minnkun jafnt og þétt, en með sömu kröfu um vinnuframlag atvinnuráðgjafa. Hún þakkar einnig fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og bendir á að allir eru velkomnir inná skrifstofu Vestfjarðastofu, hér eftir sem hingað til.

Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs.

Þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir samstarfið, þakkar starfsfólki fyrir sína vinnu og öðrum fyrir þeirra framlag. Óskar eftir leyfi þingsins um að þingforseti og ritara gangi frá þinggerð eftir að þingi er slitið. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti kynnti að nú væri dagskrá tæmd, hann hefði þar með lokið störfum og gaf að lokum nýkjörnum formanni orðið til þingslita.

Nýr formaður þakkaði traust sem henni er sýnt með endurkjöri formanns stjórnar sambandsins. Hún þakkaði þingfulltrúum fyrir þátttöku í þingstörfum, undirbúning og afgreiðslu ályktana. Hún þakkaði starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir skipulagningu og vinnu við undirbúning og Sigurborgu Kr Hannesdóttur hjá Ildi ehf fyrir hennar hlut og framlag í vinnufundi. Hún þakkaði sérstaklega þingforseta fyrir góða og markvissa fundarstjórn. Þakkar fráfarandi stjórn og nefndum fyrir störf þeirra í þágu Fjórðungsambandsins og sagði 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti slitið (kl 12.28).

Ólafur Þór Ólafsson, þingforseti

Agnes Arnardóttir, þingritari
Sigurður Línadal Þórisson, þingritari

Þingskjöl 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti**Þingskjal 1 Dagskrá**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/1-dagskra-thingskjal-1-med-breytingum1.pdf>

Þingskjal 2 Atkvæðavægi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/atkvae-davaegi-2022.pdf>

Þingskjal 3 Samþykktir og þingsköp

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/66thing/Haust/66.-fj.thing-samthykktir-og-thingskop-23.-okt-2021-samthykkt-nota.pdf>

Þingskjal 4 Skýrsla stjórnar

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/thingskjal-4-raeda-formanns.pdf>

Þingskjal 5a Tillaga um laun stjórnar og nefnda

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/tillaga-um-laun-stjornar-og-nefnda-fv-67.-fj.th-ad-hausti.pdf>

Þingskjal 5b Árstíllag

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/arstillag-sveitarfelaga-fv-2023-tillaga.pdf>

Þingskjal 5c Tillaga fjárhagsáætlun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/fjarhagsaaetlun-fv-2023-tillaga.pdf>

Þinggerð 5d Fjárhagsáætlun greinargerð

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/greinar-gerd-fjarhagsaaetlun-2023.pdf>

Þingskjal 6 Tillaga að ályktun – Aflstöðin Vestfirðir

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thingskjal67/6-tillaga-ad-alyktun-aflstod-thekkingar-thingskjal-6.pdf>

Þingskjal 7 Tillaga að ályktun um gerð svæðisskipulags

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thingskjal67/7-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-gerd-svaedisskipulags-thingskjal-7.pdf>

Þingskjal 8 Tillaga að ályktun um þararæktun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thingskjal67/8-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-thararaektun-thingskjal-8.pdf>

Þingskjal 9 Tillaga að ályktun um aukið aðgengið að fjarnámi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/9-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-aukid-adgengi-ad-fjarnami-thingskjal-9.pdf>

Þingskjal 10 Tillaga að ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/10-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-saudfjarraekt-og-byggdathroun-thingskjal-11.pdf>

Þingskjal 11 Tillaga að ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/11-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-fjamognun-malaflokks-fatlads-folks-thingskjal-11.pdf>

Þingskjal 12 Tillaga að ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/12-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-thjodgard-a-vestfjordum-thingskjal-12.pdf>

Þingskjal 13 Tillaga að ályktun um aukið samstarf um velferðapjónustu

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/13-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-aukid-samstarf-i-velferdarhjonustu-thingskjal-13.pdf>

Þingskjal 14 Tillaga að ályktun um svæðisáætlun um sorp

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/14-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-svaedisaaetlun-um-sorp-thingskjal-14.pdf>

Þingskjal 15 Tillaga að ályktun um notkun ásætuvarna

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/15-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-notkun-asaetuvarna-thingskjal-15.pdf>

Þingskjal 16 Tillaga að ályktun um stofnun nefndar um skiptingu tekna úr Fiskeldisjóði

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/16-tillaga-ad-alyktun-alyktun-um-stofnun-nefndar-um-skiptingu-tekna-ur-fiskeldissjodi-thingskjal-16.pdf>

Þingskjal 17 Ályktun um gerð svæðisskipulags

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/17-alyktun-um-gerd-svaedisskipulags-adur-thingskjal-7.pdf>

Þingskjal 18 Ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/18-alyktun-um-thjodgard-a-vestfjordum-adur-thingskjal-12.pdf>

Þingskjal 19 Ályktun um þararæktun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/19-alyktun-um-thararaektun-adur-thingskjal-8.pdf>

Þingskjal 20 Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr Fiskeldisjóði

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/20-alyktun-um-stofnun-nefndar-um-skiptingu-tekna-ur-fiskeldissjodi-adur-thingskjal-16.pdf>

Þingskjal 21 Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/21-alyktun-um-aukid-adgengi-ad-fjarnami-adur-thingskjal-9.pdf>

Þingskjal 22 Ályktun um aukið samstarf í velferðamálum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/22-alyktun-um-aukid-samstarf-i-velferdarthonustu-adur-thingskjal-13.pdf>

Þingskjal 23 Ályktun – Aflstöð þekkingar

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/23-alyktun-aflstod-thekkingar-adur-thingskjal-6.pdf>

Þingskjal 24 Ályktun um svæðisáætlun um sorp á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/24-alyktun-um-svaedisaaetlun-um-sorp-adur-thingskjal-14.pdf>

Þingskjal 25 Ályktun um notkun ásætuvarna

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/25-alyktun-um-notkun-asaetuvarna-adur-thingskjal-15.pdf>

Þingskjal 26 Ályktun um sauðfjarrækt og byggðapróun

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/26-alyktun-um-saudfjarraekt-og-byggdathroun-adur-thingskjal-10.pdf>

Þingskjal 27 Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks

<https://www.vestfirdir.is/static/files/FV/thinkskjol67/27-alyktun-um-fjamognun-malaflokks-fatlads-folks-adur-thingskjal-11.pdf>